

Umsögn um Þskj. 508 – 382. mál – Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Almennt um frumvarpið

Mælt er með samþykkt frumvarpsins og ekki gerðar athugasemdir við megin efni þess. Æskilegt væri þó að fastar væri kveðið á um tekjustofna sjóðsins í texta frumvarpsins sjálfs, þó svo að nokkuð sé fjallað um hana í athugasemdum með því.

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1333

komudagur 11.2.2011

Einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

Athygli er vakin á því að í einhverjum tilfellum kann það að verða íþyngjandi fyrir landeiganda sem jafnvel hefur engar tekjur af ferðaþjónustu að ráðast í uppbyggingu mannvirkja á grundvelli frumvarpsins ef hann þarf alfarið að bera viðhaldskostnað viðkomandi mannvirkja. Það getur m.a. leitt til lélegs viðhalds slíkra mannvirkja og þar með unnið gegn tilgangi frumvarpsins. Æskilegt væri því að frumvarpið heimilaði þátttöku í nauðsynlegu viðhaldi þeirra mannvirkja sem sjóðurinn kemur að.

3. gr.

Æskilegt væri að tryggja betur tekjuöflun sjóðsins með því að 1. tl. hljóðaði t.d. svo:

„Framlag ríkissjóð sem að lágmarki skal nema 3/5 af álögðu farþegagjaldi og gistináttagjaldi fyrra árs skv. lögum nr. XXX/2011.“

Með þessu væri tryggt að tekjuöflunin væri skilgreind í lagatextanum sjálfum sem ætti að gera það torveldara að ráðstafa tekjum sjóðsins til annarra þarfa en ráð er fyrir gert með frumvarpinu.

Athugasemdir með frumvarpinu

Rétt er að fram komi að auk þeirra staða sem upp eru taldir og talið brýnt að ráðast í umbætur á eru einnig staðir utan suðurlands og má þar nefna Dettifoss, Goðafoss, Dimmuborgir, Hverarönd, Leirhnjúk og Rauðanúp svona til að gefa örfá dæmi.

11. febrúar 2011



Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.